

Stjórnarfundur FHB 14. nóv. 2013 haldinn í Bændahöllinni kl. 15.

Mættir voru Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari og Ólafur Einarsson meðstjórnandi.

Kristinn setti fund og gengið var til dagskrár. Aðalefni fundarins er **undirbúningur fyrir aðalfund**.

Tillögur að starfsmönnum fundar:

Fundarstjóri Ólafur Þórisson / Jósef Valgarð.

Katrín Sigurðardóttir - allsherjar- og markaðsnefnd.

Vignir Sigurðsson - fjárhags- og uppstillingarnefnd.

Sveinn Steinarsson – ræktunarnefnd.

Birna Hauksdóttir – Fjárhags- og uppstillingarnefnd.

Kjörbréfanefnd: Ólafur Einarsson og María Þórarinsdóttir.

Erindi frá Arinbirni á Brekkulæk varðandi **stuðning til farar á tvær hestasýningar í Þýskalandi** í desember. Pferd und Jagt og Hippologia. Samþykkt að styrkja verkefnið með kr. 200.000 auk kynningarefnis og aðstoðar.

Farið yfir skýrslu stjórnar í síðasta skipti, en stjórnarmenn hafa haft hana til skoðunar sl. tvær vikur. **Einnig farið yfir reikninga og fjárhagsáætlanir.**

Rætt um greiðslur til stjórnarmanna og hvort taka eigi upp dagpeninga eða greiðslur líkt og tíðkast hjá öðrum búgreinafélögum.

Verðskerðingarsjóður - unnið er að nýrri reglugerð um verðskerðingarsjóðs. Stjórn leggur til að reglugerðinni verði breytt þannig að nýta megi sjóðinn til fleiri verkefna en nú er.

Eftirfarandi tillaga samín og fer inn á aðalfund:

"Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu, 15. nóv. 2013 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða reglugerð um verðskerðingarsjóð hrossa svo nýta megi fjármagn sjóðsins betur til markaðsstarfs í þágu hrossabænda. Umsýsla fjármuna verði áfram á vegum Félags hrossabænda/Bí."

Einnig rætt um **Stofnverndarsjóð** og reglugerð um hann. Sjóðurinn er nokkuð öflugur en reglugerðin leyfir eingöngu úthlutun af vöxtum, ekki höfuðstól. Fer til umræðu á aðalfundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.

HGG/hgg